

Samþykkt um verklagsreglur fyrir starfsháttanefnd Austurbrúar ses.

Um skipan starfsháttanefndar

Starfsháttanefnd Austurbrúar skal skipuð þremur fulltrúum sem kosnir eru á ársfundi.

Fulltrúar í starfsháttanefnd geta ekki jafnframt átt sæti í stjórn, fagráði eða siðanefnd Austurbrúar ses.

Starfsháttanefnd velur sér formann sem boðar til funda sem halda skal minnst tvisvar á ári. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála á fundum nefndarinnar.

Um hlutverk og verkefni starfsháttanefndar

Hlutverk starfsháttanefndar er að vinna tillögur til ársfundar um breytingar á skipulagsskrá, kjör í starfsháttanefnd og siðanefnd, ásamt því að gera tillögu um þóknun stjórnar og fagráðs.

Starfsháttanefnd er einnig umsagnaraðili um innri reglur Austurbrúar og skal tryggja að endurskoðun fari fram á þeim árlega og leggja fram til staðfestingar á ársfundi.

Ársfundur og eða fulltrúaráð geta falið starfsháttanefnd önnur verkefni.

Um fundi starfsháttanefndar

Framkvæmdastjóri Austurbrúar boðar til fyrsta fundar starfsháttanefndar eftir ársfund. Nefndin velur sér formann sem eftir það boðar til funda og stýrir þeim. Heimilt er að boða fundi með rafrænum hætti og skal það gert með minnst sólarhrings fyrirvara.

Starfsháttanefnd skal funda minnst tvisvar á ári. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála á fundum nefndarinnar.

Formaður starfsháttanefndar sér um að fundargerðir séu skipulega færðar og að allar ályktanir og samþykktir séu rétt og nákvæmlega bókaðar. Fundargerðir starfsháttanefndar skulu sendar stjórn.

Um kostnað við starfsemi starfsháttanefndar

Austurbrú greiðir kostnað við ferðir nefndarmanna vegna funda en stjórn ákveður þóknun þeirra.

Breytingar á starfsreglum starfsháttanefndar

Breytingar á verklagsreglum þessum skulu gerðar með samþykki meirihluta stjórnar og að fenginni umsögn starfsháttanefndar Austurbrúar ses.

Samþykkt á ársfundi Austurbrúar á Eiðum, 9. maí 2025

